

Lykilhæfniviðmið

- gerð, verkfæri og leiðir í námsmati

Vinnustofa í Lækjarskóla 11. nóvember 2013

GRUNNSKÓLAR HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Hlutverk vinnustofunnar

- Að efla umræðu um námsmat í anda nýrrar aðalnámskrár.
- Að skoða sérstaklega lykilhæfni sem viðfangsefni í námsmati.
- Að vinna saman að því að finna verkfæri og leiðir í að meta lykilhæfni.
- LÝSINGIN á vinnustofunni:

Kynnt gerð lykilhæfniviðmiða meðal kennara í Hafnarfirði og unnið í hópum (yngsta stig, miðstig og unglingastig) í að ræða hugmyndir til að vinna með lykilhæfni í daglegu skólastarfi og námsmati. Leitað verður eftir þátttöku hópsins í að leggja til tillögur að verkfærum og leiðum til að meta lykilhæfni nemenda alla grunnskólagönguna.

Hvað er lykilhæfni?

- Almenn hæfni nemenda óháð náms- sviðum (og því einnig námsgreinum) en er aldurstengd (bekkir grunnskólans).
- Lykilhæfnimat skal fara fram í hverjum bekk/árgangi í öllum námssviðum.
- Skilgreind út frá viðmiðum í 4., 7. og 10. bekk.
- „Vinstri helmingur“ nemandanámshæfniviðmiðin þá „hægri helmingurinn.“ – eða öfugt.
- Lykilhæfni skiptist í fimm flokka – sjá ...

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- 1. Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.*
- 2. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.*
- 3. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.*
- 4. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.*
- 5. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.*

Mat á lykilhæfni

- A-D kvarði í 10. bekk en skólar ráða í öðrum árgöngum. (?)
- Í öllum námssviðum í öllum árgöngum – einhverjar undantekningar. (?)
- Kvarðinn ekki til umræðu í dag.

Innan hvers námssviðs er sérstakur matskvarði skilgreindur í fjórum flokkum, A–D. Með honum er annars vegar lagt mat á hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers námssviðs og hins vegar lykilhæfni nemenda sem lýst er hér að framan. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Einnig má nota hann við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati. Kvarðann má laga að þörfum skólans og aðstæðum hverju sinni.

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant .

Lykilhæfniviðmið sameiginleg í Hafnarfirði

- Tilgangur:
 - Að styðja við kennara og einfalda vinnu þeirra (ef það er þá hægt? – aðalnámskrá til staðar).
 - Að hjálpa til við innleiðingu aðalnámskrár.
 - Að nýta fagleg sjónarmið kennarahóps til að vinna saman að skipulagi fagstarfsins.
- Felur í sér sömu viðmið fyrir alla skóla í Hafnarfirði.
- Felur EKKI í sér að hver skóli meti lykilhæfni eins.
- Felur EKKI í sér að hvert námssvið (innan/milli skóla) meti lykilhæfni eins.

Lykilþáttur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur AÐALNÁMSKRÁ
TJÁNING OG MIÐLUN DÆMI FRÁ HAFNARFIRÐI	Við lok skólaárs getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• talað fyrir framan hóp	Við lok skólaárs getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp	Við lok skólaárs getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• tjáð hugsanir og skoðanir sínar fyrir framan hóp	Við lok skólaárs getur nemandi: <ul style="list-style-type: none">• tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt

Vinna í hópum hér á eftir

- Vinna frá kl. 14.45-15.45
 - Yngsta stig (1.-4. bekkur) – hópstjóri: Rannveig Hafberg
 - Miðstig (5.-7. bekkur) – hópstjóri: Margrét Sverrisdóttir
 - Unglingastig (8.-10 bekkur) – hópstjóri: Linda Sjöfn Sigurðardóttir
- Rætt í hópunum (lykilhæfniviðmið aðalnámskrár fylgja í hópum):
 - 1. Hvaða leiðir og aðferðir henta til að meta lykilhæfni nemenda?**
 2. Hvernig verða lykilhæfniviðmið hluti að daglegri kennslu í einstökum námsgreinum?
 3. Hvernig skal hugsa lykilhæfni í samhengi leiðsagnarmats, stöðumats og lokamats?
- Hist í lokin, kl. 15.45-16 og umræðan tekin saman. Lykilhæfniviðmiðum grunnskóla Hafnarfjarðar dreift.
- Niðurstöður umræðu teknar saman og birtar á vef verkefnisins eftir vinnufundinn.